

Lög

um breytingu á lögum nr. 30/1987, um orlof, með síðari breytingum.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 6. gr. laganna:

- a. 2. másl. 1. mgr. orðast svo: Getur starfsmaður þá krafist orlofs á öðrum tíma og skal orlofið ákveðið í samráði atvinnurekanda við starfsmanninn skv. 5. gr. en þó eins fljótt og unnt er eftir að veikindunum lýkur.
- b. 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 17. september 2011.

